

Kristján Stefánsson. Jósafat Arngrímsson.
Gerðinni lokið. Fógetarétti slitið.

Þriðjudaginn 9. mars 1976.

Nr. 204/1974. Sigurður Axel Axelsson

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Mariú Guðfinnu Andrésdóttur

(Skúli Pálsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Barnsmeðlag.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. nóvember 1974. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar úr hennar hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum máls er sonur málsaðilja, Guðbjörn Helgi, fæddur 15. janúar 1971, en ekki 17. janúar 1971, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi.

Stefnda krafðist í öndverðu úrskurðar yfirvalds um meðlagsgreiðslu úr hendi áfrýjanda með syni þeirra frá fæðingu hans. Hinn 11. október 1972 úrskurðaði fulltrúi yfirsakadómarsans í Reykjavík áfrýjanda skyldan til að greiða meðlag með drengnum frá og með 1. maí 1972, en leysti eigi að öðru leyti úr meðlagsskröfu stefndu í úrskurði sínum, svo sem rétt hefði verið. Tók stefnda þá þann kost að krefja áfrýj-

anda um meðlag fyrir tímabilið frá fæðingu drengsins til 1. maí 1972 í dómsmáli þessu. Kröfur hennar fara ekki fram úr lágmarksmeðlagi samkvæmt 3. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1947, sbr. 1. gr. laga nr. 27/1971 og 1. gr. laga nr. 92/1971, og tryggingariðgjaldi til almannatrygginga árið 1971, sbr. 14. gr. laga nr. 87/1947. Eins og hér stendur á, þykir það því eigi standa málssókninni í vegi, þótt úrskurður valdsmanns hafi eigi gengið um greiðslur þessar.

Eins og málið er lagt fyrir Hæstarétt, þarf eigi að fjalla um meðlagsgreiðslur nema fyrir tímabilið 1. júní 1971 til 1. maí 1972. Ósannað er, að málsaðiljar hafi á þeim tíma haldið sameiginlegt heimili eða áfrýjandi lagt annað og meira af mörkum til framfærslu barns þeirra en þær 5.220 krónur, sem um getur í hinum áfrýjaða dómi og stefnda viðurkennir, að koma eigi til frádráttar kröfum hennar. Verður meðlagskrafan, sem, eins og áður var sagt, fer eigi fram úr lágmarksmeðlagi samkvæmt 3. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1947, því tekin til greina með 26.159 krónum ($31.379 \div 5.220$), eins og héraðsdómari hefur gert.

Einnig ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um, að áfrýjandi greiði stefndu iðgjald hennar til almannatrygginga árið 1971, er nam 5.220 krónum. Vextir af framangreindum fjárhæðum verða dæmdir 7% ársvextir frá 28. september 1972 til 16. maí 1973, en 9% ársvextir frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 50.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Sigurður Axel Axelsson, greiði stefndu, Maríu Guðfinnu Andrédóttur, 31.379 krónur með 7% ársvöxtum frá 28. september 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 50.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-
um.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 12. nóvember 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 6. þ. m. að loknum munn-
legum málflutningi, hefur María Guðfinna Andrésdóttir, Miðfelli
III, Hrunamannahreppi, Árnassýslu, höfðað fyrir dóminum með
stefnu, birtri hinn 14. nóvember 1973, á hendur Sigurði Axel
Axelssyni, Holtsgötu 21, Ytri-Njarðvík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að
greiða henni kr. 45.195 með 1% vanskilavöxtum fyrir hvern byrj-
aðan mánuð af kr. 2.149 frá 1. febrúar 1971 til 28. febrúar s. á.,
af kr. 4.298 frá þeim degi til 31. mars s. á., af kr. 6.447 frá þeim
degi til 30. apríl s. á., af kr. 8.596 frá þeim degi til 31. maí s. á.,
af kr. 10.745 frá þeim tíma til 30. júní s. á., af kr. 12.894 frá þeim
degi til 31. júlí s. á., af kr. 15.903 frá þeim degi til 31. ágúst s. á.,
af kr. 18.912 frá þeim degi til 30. september s. á., af kr. 21.921
frá þeim degi til 31. október s. á., af kr. 24.930 frá þeim degi til
30. nóvember s. á., af kr. 27.939 frá þeim degi til 31. desember
s. á., af kr. 30.948 frá þeim degi til 31. janúar 1972, af kr. 33.957
frá þeim degi til 28. febrúar s. á., af kr. 36.966 frá þeim degi til
31. mars s. á. og af kr. 39.975 frá þeim degi til 16. maí 1973, en
1½% fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags,
einnig 1% vöxtum af kr. 5.220 frá 1. janúar 1972 til 16. maí 1973
og 1½% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim tíma til
greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. lágmarksgjaldskrá
LMFÍ.

Til vara gerir stefnandi þá dómkröfu, að tildæmdar verði aðrar
lægri fjárhæðir að mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður af öllum
kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að skað-
lausu.

Málavextir eru þeir, að um miðjan janúar 1970 hétu málsað-
iljar hvort öðru eiginorði og settu upp hringa því til staðfestu.
Stefnandi var þá við nám í Húsmæðraskólanum í Reykjavík. Eftir
að skólanum lauk um vorið, eða hinn 3. júní 1970, fluttust máls-
aðiljar til foreldra stefnanda að Miðfelli III í Hrunamannahreppi,
þar sem faðir stefnanda rekur stórt hæsnabú og allstórt svínabú.

Voru málsaðiljar þar samvistum í nákvæmlega 1 ár, eða til 3.
júní 1971. Þeim fæddist sonur hinn 17. janúar 1971. Málsaðiljar

bjuggu á heimili foreldra stefnanda að Miðfelli III þetta ár og unnu bæði nokkuð við búið, stefndi vann við hirðingu 4—5 þús. kjúklinga, m. a. við að gefa þeim, moka undan þeim og einnig við slátrun þeirra.

Ekki var um reglulegar launagreiðslur til þeirra að ræða, en þó er fram komið í málinu, að faðir stefnanda lét nokkrar fjárhæðir af hendi rakna til þeirra, eða kr. 50—100 þús. til stefnda og einhverja vasapeninga til stefnanda. Einnig fengu þau fæði og húsnæði, án þess að þau væru krafín um peningagreiðslur fyrir.

Eftir árs dvöl að Miðfelli III, eða hinn 3. júní 1971, hélt stefndi til Reykjavíkur og vann þar á bílaverkstæði um tveggja mánaða skeið, fór síðan austur aftur, dvaldist þar í mánuð, en hélt síðan til Reykjavíkur að nýju. Eftir það dvaldist stefndi ekki að Miðfelli III.

Stefnandi dvaldist á hinn bóginn áfram að Miðfelli III þar til viku fyrir jólin 1971, þá hélt hún suður með barnið, á eftir stefnda.

Dvöldust málsaðiljar ásamt barninu um tveggja til þriggja mánaða skeið hjá ættingjum stefnda, en síðan í verbúðum fram í maíbyrjun um vorið 1972, en þá slitu þau endanlega samvistum.

Fram er komið, að málsaðiljar voru hringtrúlofuð frá 17. janúar 1970 til 13. september 1971 og frá miðjum desember 1971 til 8. maí 1972.

Með úrskurði, uppkveðnum 11. október 1972 af fulltrúa yfirsakadómarans í Reykjavík, var stefnda gert að greiða meðlag með barninu frá 1. maí 1972 til fullnaðs 17 ára aldurs þess.

Í máli þessu krefur svo stefnandi stefnda um meðlag frá fæðingu barnsins fram til 1. maí 1972.

Aðalkrafa stefnda í máli þessu var sú, að málinu yrði vísað frá dómi, þar eð yfirvald hefði með úrskurði hrundið þeim kröfum, sem stefnandi hefur uppi í máli þessu, og sá úrskurður væri endanlegur, þar eð honum hefði ekki verið hnekkt með málsskoti til æðra stjórnvalds.

Um formhlið máls þessa, þ. e. aðalkröfur stefnda um frávísun, gekk úrskurður hér í dómi hinn 20. desember sl. Frávísunarkröfunni var hrundið.

Í rökstuðningi dómsins segir m. a.:

„Yfirvald hefur fjallað um meðlagskröfu stefnanda og úrskurðað henni meðlag úr hendi stefnda með barni sínu frá 1. maí 1972 til fullnaðs 17 ára aldurs þess.

Það er ágreiningslaust í málinu, þótt það komi ekki fram í meðlagsúrskurðinum, að stefnandi krafðist einnig meðlags frá

fæðingu barnsins til 1. maí 1972. Yfirvald hefur þannig fjallað um þá meðlagskröfu, sem höfð er uppi í máli þessu, og hrundið henni með úrskurði.

Stefnandi átti þess kost að kæra úrskurðinn frá 11. okt. 1972 til æðra stjórnvalds, þ. e. ráðherra. Það gerði stefnandi ekki, heldur valdi þá leið að höfða mál fyrir hinum almennu dómstólum til þess að fá meðlagsúrskurðinum hnekk.

Kemur þá til úrlausnar, hvort vísa beri máli þessu frá dómi vegna þess, að stefnandi fór ekki kæruleiðina til enda.

Telja verður það almenna reglu í íslenskum rétti, að því að eins sé notkun á heimild til stjórnvaldskæru skilyrði til máls-höfðunar, að það sé ótvírætt gefið í skyn í lögum.

Slíkt ákvæði er ekki að finna varðandi það sakarefni, sem mál þetta snýst um.

Verður þá tekið til úrlausnar, hvort yfirvald eigi endanlegt úrskurðarvald um sakarefnið í máli þessu.

Samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar skera dómstólar úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þetta stjórnarskrár-ákvæði er skýrt svo, að dómstólar séu bærir til þess að skera úr hvers kyns ágreiningi um lögmæti ákvarðana og athafna stjórnvalds, nema lög mæli svo fyrir, að framkvæmdarvaldshafi eigi þar fullnaðarúrskurð.

Ágreiningurinn í máli þessu snýst um meðlagsgreiðslu. Í niðurlagsákvæði 8. gr. laga nr. 87/1947 (sbr. 1. gr. laga nr. 92/1971) segir:

„Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma“.

Yfirvald hratt kröfu stefnanda um meðlag úr hendi stefnda frá fæðingu barns hennar fram til 1. maí 1972.

Ágreiningurinn í máli þessu snýst því ekki um réttmæti margnefnds yfirvaldsúrskurðar, heldur lögmæti hans, þ. e. hvort umrætt yfirvald hafi túlkað lög og metið sönnunaratrði réttilega. Að því athuguðu og þar sem hvergi er svo fyrir mælt í lögum, að yfirvald eigi fullnaðarúrskurð um það sakarefni, sem mál þetta snýst um, ber því með vísan til þess, sem að framan er rakið, að hrinda frávísunarkröfu stefnda í máli þessu“.

Sýknukrafa stefnda í máli þessu, sem upphaflega var höfð uppi sem varakrafa, er á því byggð, að stefndi hafi fullnægt framfærsluskyldu sinni gagnvart barninu fram til þess tíma, er meðlagsúrskurður tekur til. Stefndi hafi unnið kauplítið á heimili

foreldra stefnanda meira en hálft annað ár, þar sem þau bjuggu, eftir að barnið fæddist. Eftir að barnið fór af heimili foreldra stefnanda, hafi það ekki síður verið á vegum og framfæri stefnda, enda langdvölum á heimili frændfólks stefnda á því tímabili.

Stefnandi byggir kröfur sínar einkum á ákvæðum 6. gr. laga nr. 87/1947 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna og 3. gr. framfærslulaga nr. 80/1947 og heldur því fram, að stefndi hafi ekki fullnægt lögboðinni framfærsluskyldu sinni gagnvart barninu. Þann tíma, sem þau dvöldust að Miðfelli III, hafi ekki verið um neitt heimilishald að ræða af þeirra hálfu og á því tímabili hafi stefndi aldrei greitt neitt, hvorki vegna sín né barnsins eða látið sig fá peninga, og ekki heldur fram til þess tíma, er stefnandi fór suður með barnið í desember 1971.

Eftir að suður kom, hafi hún verið á hrakhólum með barnið, fyrst dvalist viku hjá móðurbróður stefnanda, síðan hálfan mánuð hjá móður stefnda og ekkert greitt fyrir uppihald á hvorugum staðnum, síðan tvo mánuði hjá afa stefnda og ömmu. Þar kveðst stefnandi sjálf hafa greitt kr. 1.500 á viku fyrir sig og barnið, en stefndi hafi örugglega ekki greitt framangreindum aðiljum neitt.

Eftir að í verbúðirnar kom, kveður stefnandi fæði sitt hafa verið dregið frá kaupi sínu, en húsnæði fyrir málsaðilja og barnið þar hafi verið ókeypis. Á því tímabili hafi barnið verið í gæslu hjá konu í plássinu gegn kr. 1.500 greiðslu á viku. Heildargreiðslan fyrir þá barnagæslu hafi verið um kr. 12.000, þar af kveðst stefnandi sjálf hafa greitt um kr. 9.000, en stefndi kr. 3.000.

Stefnandi kveður stefnda aldrei hafa lagt barninu til föt eða aðrar þarfir með þeirri undantekningu, að hann hafi lagt því til gamla kerru um jólin 1971. Auk þess hafi það komið nokkrum sinnum fyrir, að stefndi hafi látið sig fá nokkur hundruð krónur, ca 100—400 kr. í hvert skipti. Þetta hafi þó ekki komið oft fyrir, og giskar stefnandi á, að samtals hafi þessar fjárhæðir numið um kr. 1.000.

Álit dómsins.

Það er upplýst í málinu, að fyrstu 5½ mánuðinn eftir fæðingu barnsins dvöldust málsaðiljar á heimili foreldra stefnanda ásamt barninu.

Það kemur fram af gögnum málsins, m. a. aðiljayfirheyrslum, að samband málsaðilja annars vegar og foreldra stefnanda hins vegar var með þeim hætti sem um eina fjölskyldu væri að ræða, meðan þau dvöldust að Miðfelli III.

Ungu hjónaleysin bjuggu þarna hjá eldri hjónunum og unnu að búinu, án þess að samið væri sérstaklega um kaup og kjör og án þess að nokkur reikningsskil eða uppgjör færi fram. Þau fengu að verkalaunum fæði og aðrar nauðpurftir, þ. á m. fé til bráð-nauðsynlegra útgjalda.

Vinnuframlag stefnda til búsinns virðist hafa verið svipað og títt er við slíkar aðstæður. Sæmkvæmt framburði stefnanda gekk stefndi með venjulegum hætti að vinnu með öðru fólki, nema þann mánuð, sem hann var fyrir austan haustið 1971.

Taldi stefnandi, að honum hafi farist verk sæmilega vel úr hendi og vinnuafli hans komið að talsverðum notum.

Með tilliti til framangreindra atriða, og þó einkum þess, að því er ekki haldið fram í málinu, að stefnandi hafi leyst til sín kröfur föður síns vegna uppihalds barnsins, þá verður meðlags-krafan fyrir tímabilið fram til 3. júní 1971 ekki tekin til greina.

Það er upplýst, að stefnandi dvaldist endurgjaldslaust á heim-ilum aðstandenda stefnda um þriggja vikna skeið um og eftir jól 1971. Enn fremur að stefndi greiddi til stefnanda og vegna barns-ins um kr. 4.000 og lagði barninu til gamla kerru um jólin 1971.

Að öðru leyti er ósannað, að stefndi hafi lagt neitt til fram-færslu barnsins, frá því hann fór frá Miðfelli III í júníbyrjun 1971.

Að þessu athuguðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda meðlög frá 1. júní 1971 til 1. maí 1972 að frádreginni þeirri fjár-hæð, sem stefndi hefur þegar greitt til framfærslu barnsins fyrir þetta tímabil, en sú fjárhæð telst hæfilega áætluð kr. 5.220.

Það athugast, að kröfu stefnanda um almannatryggingargjald árið 1971 að fjárhæð kr. 5.220 hefur ekki verið mótmælt sérstak-lega, og verður hún tekin til greina.

Málkostnaður ákveðst kr. 25.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Axel Axelsson, greiði stefnanda, Maríu Guðfinnu Andrésdóttur, kr. 31.379 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 2.149 frá 1. júní 1971 til 1. júlí sama ár, en af kr. 4.298 frá þeim degi til 1. ágúst s. á., en af kr. 7.307 frá þeim degi til 1. sept. s. á., en af kr. 10.316 frá þeim degi til 1. okt. s. á., en af kr. 13.325 frá þeim degi til 1. nóv. s. á., en af kr. 16.334 frá þeim degi til 1. des. s. á., en af kr. 19.343 frá þeim degi til 1. janúar 1972, en af kr. 22.352 frá þeim degi til 1. febr.

s. á., en af kr. 25.361 frá þeim degi til 1. mars s. á., en af kr. 28.370 frá þeim degi til 1. apríl s. á., en af kr. 31.379 frá þeim degi til 16. maí 1973, en með 10% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 14% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 25.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. mars 1976.

Nr. 218/1974. **Jóhanna F. Karlsdóttir f. h. ófjárráða**
sonar síns Guðmundar K. Guðnasonar
 (Guðjón Steingrímsson hrl.)
 gegn
Sædýrasafninu í Hafnarfirði og gagnsök
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Leó Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Skaðabótamál. Ábyrgð á dýrum.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Hann krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 462.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 4. september 1972 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann annarrar lægri fjárhæðar að mati Hæstaréttar ásamt vöxtum eins og greint var, en til þrautavara krefst hann staðfestingar héraðsdóms. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál fyrir Hæstarétti, en hann